

öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir eina- og gerlaransóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, frá 15. maí 1981.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júní 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Ingimar Einarsson.*

## AUGLÝSING

**varðandi gin- og klaufaveiki.**

Hér með eru úr gildi felldar þær hömlur á innflutningi ýmissa vörutegunda, sem settar voru vegna gin- og klaufaveiki, sem upp kom í Danmörku sbr. augl. 25. mars 1982. Einnig er úr gildi felld bann við innflutningi á fóðurvörum frá Bretlandseyjum.

Athygli er vakin á því að eftir sem áður er í gildi innflutningsbann við ósoðnum slátur- og mjólkurafurðum o. fl., sbr. lög um varnir gegn gin- og klaufaveiki nr. 11/1928.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1982.*

**Pálmi Jónsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*